

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingar í Kjósarhreppi.

Breyting á deiliskipulagi á Litlu Tungu í landi Harðbala.

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti hreppsnefnd Kjósarhrepps þann 6. nóvember 2018 breytingu á deiliskipulagi í landi Harðbala. Deiliskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn 3. maí 1999.

Breyting á deiliskipulaginu felur í sér að byggingarreitir eru sameinaðir í einn samsvarandi þeim byggingarreitum sem eru á aðliggjandi lóðum á Harðbalasvæðinu. Áhrif breytinga á náttúru, umhverfi og nágretta telst óveruleg.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi í landi Háls.

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti hreppsnefnd Kjósarhrepps þann 2. október 2018 breytingu á deiliskipulagi í landi Háls.

Um er að ræða breytingu á byggingarskilmálum en í núverandi skilmálum er gert ráð fyrir að hámarksstærð frístundahúsa sé 400 m³ að meðtöldu fylgihúsi. Eftir breytingu er hámarksstærð frístundahúsa 160 m² að meðtöldu fylgihúsi. Hámarksstærð fylgihúsa er 30 m³.

Áhrif breytinga á náttúru, umhverfi og nágretta er óveruleg.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Kjósarhreppi, 13. nóvember 2019.

Sigríður Klara Árnadóttir starfandi oddviti.